



## Fundargerð

293. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 23. janúar 2025, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Valgerður Pálsdóttir, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

Kristján Jóhannsson boðaði forföll og sat Valgerður Pálsdóttir fundinn í hans stað.

\* \* \*

### 1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2024 (2025010261)

Farið var yfir stöðu endurskoðunar á ársreikningi Reykjaneshafnar vegna ársins 2024.

### 2. Starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs 2025 (2024120136)

Farið var yfir starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2025.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi starfsáætlun.*

### 3. Samráðsnefnd ATH og USK (2025010264)

Farið var yfir þau mál sem til umfjöllunar eru hjá samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs.

### 4. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Farið yfir stöðuna á framkvæmdum við Njarðvíkurhöfn

### 5. Helguvíkurhöfn – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðuna varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

### 6. Helguvíkurhöfn – Norðurbakki (2025010265)

Farið yfir minnisblað Portum verkfræðistofu um nauðsynlegar úrbætur á Norðurbakka Helguvíkurhafnar.

### 7. HB64 - grænn vistiðngarður (2023100396)

Farið yfir stöðuna í verkefninu HB64 – grænn vistiðngarður.

### 8. Nordic Port Group AB (2025010292)

Lagðar fram hugmyndir Nordic Port Group AB um samstarf við Reykjaneshöfn varðandi markaðssetningu Keflavíkurhafnar fyrir smærri skemmtiferðaskip.

*Atvinnu- og hafnarráð tekur jákvætt í þessar hugmyndir og felur Halldóri K. Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.*

### 9. Tryggingar Reykjaneshafnar 2025 (2025010266)

Lagt fram minnisblað frá Consello, löggiltum váttryggingarmiðlara, um yfirferð á váttryggingum hafnarinnar vegna ársins 2025, en meðaltalshækkun tryggingar

Reykjaneshafnar milli áráanna 2024 og 2025 er 5,1%. Samningi Reykjaneshafnar við TM tryggingar hf. varðandi vátryggingar lýkur þann 31. desember nk. og verður farið í útboð á tryggingum hafnarinnar á árinu í samstarfi við Reykjanesbæ.

**10. Bréf Fiskistofu frá 9. desember 2024 (2025010267)**

Bréf Fiskistofu dags. 09.12.24 þar sem tilkynnt er hver hlutur Reykjaneshafnar er í sérstöku strandveiðigjaldi sem innheimt er af strandveiðibátum ár hvert.

**11. Aalborg Portland Ísland (2025010268)**

Lögð fram drög að samkomulagi milli Reykjaneshafnar og Aalborg Portland Ísland ehf. varðandi fyrirkomulag á greiðslu vörugjalda á innfluttu sementi um Helguvíkurbakka árið 2025.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi og felur Halldóri K. Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að undirrita það.*

**12. Stakksbraut 15 (2023080404)**

Tölvupóstur dags. 17.01.2025 frá skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á byggingarreit lóðarinnar Stakksbraut 15 við Norðurbakka Helguvíkurhafnar í samræmi við fyrirbyggjandi lóðarblað.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrir sitt leyti viðkomandi breytingu á byggingarreit lóðarinnar.*

**13. Stefna um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum – beiðni um umsögn (2024080039)**

Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar mætti á fundinn undir þessum dagskrálið.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur óskað eftir umsögn um drög að stefnu um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum, sem er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar. Fór Gunnar yfir helstu þætti sem felast í stefnunni og þær forsendur sem eru til grundvallar í gerð hennar.

*Atvinnu- og hafnarráð þakkar fyrir framkomnar upplýsingar og stefnir að umsögn um stefnuna á næsta fundi ráðsins.*

**14. Hafnasamband Íslands (2024020132)**

Fundargerð 468. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 6. desember sl. lögð fram.

**15. Cruise Iceland (2024020131)**

Fréttabréf Cruise Iceland frá desember 2024 lagt fram.

**16. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2025010263)**

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins.

**17. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2025010262)**

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:28.